

Stjórnarfundur Fáks 9. janúar 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Jón Finnur Hansson, Maríanna Gunnarsdóttir, Þorvarður Helgason, Leifur Arason, Hrefna María Ómarsdóttir og Heiðrún Sigurðardóttir

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Reiðhöllin

Framkvæmdir eru fyrirhugaðar í reiðhöllinni:

- Skipt verður um tvær ljósalengjur af sjö. Núverandi ljós eru gömul og ekki er lengur hægt að skipta um sprungnar perur
- Búið að gera við vökvunarkerfi
- Lítill hurð verður sett á suðausturhlið reiðhallarinnar þar sem hægt verður að fara með hross í gegn beint inn í salinn og sleppa þannig við að fara í gegnum anddyrið
- Allt efni er klárt fyrir þakviðgerðir en verið að bíða eftir að verktaiki hefji störf

3. Landsmót

Áskell Heiðar Ásgeirsson hefur verið ráðinn framkvæmdarstjóri fyrir Landsmót 2017. Veikindi hafa tafið fundarhöld stjórnar en vonast er til að fundað verði á næstu dögum.

4. Porrablót

Porrablótið verður haldið laugardaginn 14. janúar og verður dagskrá með svipuðu sniði og á síðasta ári. Jón Finnur útbýr auglýsingar til að hengja upp á Fákssvæðinu. Silli verður með veitingarnar.

5. Almannadalur

Gunnar Zophaníusson, lóðareigandi í Hrossnesi í Almannadal, hefur hug á að fara að byggja hesthús á lóð sinni á undan öðrum eigendum lóðarinnar. Til að einfalda framkvæmdir við veitur og annað sameiginlegt hefur hann farið þess á leit við stjórn Fáks að kanna möguleikann á að fá Reykjavíkurborg til að breyta deiliskipulagi og skipta lóðunum upp í fjórar aðskildar lóðir.

Sjórni Fáks samþykkir einróma að ganga á eftir því að fá samþykki Reykjavíkurborg fyrir þessari beiðni, þar sem breyting sem þessi munu vonandi stuðla að hraðari uppbyggingu hesthúsa í Almannadal.

6. Önnur mál

- a) Mön við Hvammsvöll

Heyrst hefur að Fáksmönnum finnist mönin við Hvammsvöllinn vera of há og skyggja á umhverfið. Samkvæmt teikningum verður hún um 3 metrar á hæð. Núverandi hæð er meiri en það en framkvæmdir eru enn í gangi, og ennþá á eftir að jafna út og sléttu yfirborðið. Síðan mun jarðvegurinn þéttast og mönin síga um ca 1 m og mun þá hæðin verða samkvæmt því sem áður var ákveðið.

Stjórn Fáks vill leyfa framkvæmdum að klárást og bíða veturninn, og taka síðan stöðuna í vor þegar endanlegri hæð hefur verið náð. Stjórn Fáks telur ennfremur að mönin muni bæta áhorfendaaðstöðu við Hvammsvöllinn, bæði fyrir sitjandi áhorfendur og bíla.



b) Stóri völlur

Enn heyrast óánægjuraddir með ofaníburð á stóra vellinum, en skiptar skoðanir virðast vera í þessu máli. Stjórn Fáks leggur til að gerð verði skoðunarkönnun hvort Fáksmenn séu almennt ánægðir eða óánægðir með völlinn. Stjórn Fáks leggur einnig til að bíða veturinn og taka stöðuna í vor þegar jarðvegurinn hefur þéttst.

c) Reiðhjól í Reiðhöllinni

Reiðhjólamenn eru hættir að leigja tíma í reiðhöllinni og vélhjólamenn hætta á næstu vikum.

d) Ljós trippahringur

Ljósin á trippahringnum eru að valda hestamönnum töluverðum vandræðum. Fákur hafði samband við Orkuveituna sem sér um þessi ljós fyrir áramót, og fékk þau svör að tölva í fyrsta ljósastaurnum væri biluð. Verið er að vinna í viðgerðum.

Fákur lagði mikla áherslu á að þessi ljós væru kveikt eftir birtustigi eins og önnur ljós í Reykjavík.

e) Kynbótasýning í Fáki

RML hefur tilkynnt Fáki að fyrirhuguð sé kynbótasýning í Víðidal vikuna 5.-9. júní (þri-fös).

Fleira ekki bókað og fundi slitið.

Hljóbergstæð
Heidi Þórssen.